



**SKÁKSAMBAND**  
STOFNAÐ 1925 **ÍSLANDS**

**Ársskýrsla 2025-26**

**Ársreikningar 2025**

**Skýrsla stjórnar**

**SKÁKSAMBANDS  
ÍSLANDS**

**fyrir starfsárið**

**14. júní 2025 – 30. maí 2026**

**Lögð fram á 101. aðalfundi**

## Efnisyfirlit

Fundargerð aðalfundar 2025.....	5
Skipan stjórnar og verkaskipting.....	19
Verkaskipting stjórnar.....	19
Stjórnarfundir.....	19
Skrifstofa.....	19
Skýrsla skólastjóra Skákskóla Íslands.....	19
Ýmis starfsemi.....	31
Heimasíða SÍ.....	31
Félagagrunnur SÍ.....	31
Landsliðsverkefni.....	31
Alþjóðlegir áfangar.....	31
Námskeið og fræðsla.....	32
Skákdagurinn.....	33
Tímaritið Skák.....	33
Kvennaskáknefnd SÍ.....	34
Innlend mót.....	36
Icelandic Open – Opna Íslandsmótið í skák 2025.....	36
Íslandsmót kvenna 2025.....	47
Skákþing Íslands - landsliðsflokkur 2026.....	48
Íslandsmót skákfélaga 2025-26.....	50
Íslandsmót barna- og unglingsveita 2025.....	56
Friðriksmót Landsbankans – Íslandsmótið í hraðskák 2025.....	60
Íslandsmótið í atskák 2025.....	60
Ungmenameistaramót Íslands 2025 (u22).....	61
Íslandsmót öldunga 2025 (65+).....	61
Íslandsmót kvenna í hraðskák 2025.....	62
Íslandsmót ungmenna (u8-u16) 2025.....	63
Íslandsmótið í netskák 2025.....	74
Íslandsmót stúlknasveita 2026.....	75
Íslandsmót grunnskólasveita 2026.....	78
Íslandsmót barnaskólasveita 2026.....	80
Íslandsmót barnaskólasveita, 2026, 1.–3. bekkur.....	83
Landsmótið í skólaskák 2026.....	85
Íslandsmót öldunga 2026 (65+).....	89
Reykjavíkurskák mótið 2026 – í boði Kviku eignastýringar og Brims.....	90
Blönduós Blitz 2025.....	99
Húnabyggð Open 2025.....	102
Síminn Invitational 2026.....	103
Skákmót og landskeppnir erlendis.....	105
Norðurlandamót.....	105
Norðurlandamót ungmenna 2026 (Norðurlandamótið í skólaskák).....	105

Norðurlandamót stúlkna 2026.....	106
Norðurlandamót grunnskólasveita 2025.....	108
Norðurlandamót barnaskólasveita 2025.....	109
Chess Mates.....	110
Evrópumót.....	112
Skáksambandið heiðrað af ECU.....	112
Evrópumót landsliða 2025.....	114
Evrópumót ungmenna 2025.....	117
Evrópumót taflfélaga 2025.....	119
Evrópumót öldunga 2025.....	122
Evrópumót einstaklinga 2026.....	124
Heimsmeistaramót.....	126
Heimsmeistaramótið í atskák 2025.....	126
Heimsmeistaramótið í hraðskák 2025.....	127
Heimsmeistaramót ungmenna 2025.....	128
Heimsmeistaramót barna (U-12) 2025.....	129
Heimsmeistaramót öldunga 2025 (50+).....	130
Heimsmeistaramót skólasveita 2025.....	131
Heimsmeistaramót öldungasveita 2026.....	132
Viðaukar.....	135
Forsetar Skáksambands Íslands.....	135
Heiðursfélagar Skáksambands Íslands.....	136
Heiðursmerki Skáksambands Íslands.....	137
Skákmeistarar Íslands 1913–2026.....	138
Íslandsmeistarar kvenna 1975–2026.....	141
Íslandsmeistarar skákfélaga 1975–2026.....	143
Hraðskákmeistarar Íslands 1945–2025.....	144
Atskákmeistarar Íslands 1988–2026.....	146
Aðildarfélög Skáksambands Íslands.....	148
Fjárhagslegar upplýsingar.....	150

# Fundargerð aðalfundar 2025

## Aðalfundur Skáksambands Íslands 2025

Haldinn í félagsheimilinu á Blönduósi 14. júní 2025 kl: 13:00

### 1. Forseti setur fundinn

Stingur upp á **Helga Áss Grétarssyni** sem fundarstjóra og **Harald Björnssyni** sem fundarritara sem er samþykkt.

### 2. Lögmæti fundar

Fundarstjóri telur fundinn lögmætan og óskar eftir andmælum úr sal sem koma ekki.

### 3. Innganga nýrra félaga

Borin upp sú tillaga að Snóker og Poolstofan og Skákfélag Vestfjarða verði aðilar að Skáksambandi Íslands. Samþykkt.

### 4. Dagskrárbreytingartillaga

Tillaga stjórnar um frestun umræðu um ársreikninga.

*Stjórn SÍ leggur til að tveim dagskrárliðum aðalfundar sem varða ársreikning sambandsins almanaksárið 2024 (5. liður, gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs og hluta sjötta liðs, afgreiðsla reikninga) verði frestað til framhaldsaðalfundar sem fram fari í Reykjavík 11. júlí næstkomandi.*

### Bragi Halldórsson

Aðalfundur með æðsta vald innan skákhreyfingarinnar. Formenn þriggja skákfélaga sendu bréf til stjórnar skáksambandsins fyrir fjórum dögum með tilmælum um frestun aðalfundar. Bragi les upp bréf formannanna til stjórnarinnar. Greinargerð skoðunarmanna var ekki birt heldur stungið undir stól að mati Braga. Hann er tilbúinn að leggja fram vantrauststillögu á stjórn verði fundinum ekki frestað.

### Oddgeir Ottesen og Jon Olav Fivelstad

Oddgeir talar fyrir hönd þeirra.

Fjölarga reikninga, kvittanir og útskýringar á útgjöldum vantaði. Óskuðu eftir kvittun fyrir stærsta reikningnum. Óútskýrður kostnaður vegna matar og drykkjar nam 628.329 kr.

Greiddir dagpeningar þó allur kostnaður sé greiddur á ferðalögum. Laun eru lækkuð sem nemur dagpeningum.

Fundarstjóri stoppar Oddgeir af og biður þá um að halda sig við dagskrárbreytingartillöguna.

Jon Olav tekur við.

Eitt fylgiskjal var handskrifað með blýanti þar sem fram kom fornafn verktaka og fjárhæðin.

Forseti greiðir stundum bensín með korti skáksambandsins þrátt fyrir að fá bifreiðastyrk.

Oddgeir telur ómögulegt að slíta afgreiðslu ársreikninga frá öðrum málum.

### **Kristján Örn Eliasson**

Tekur undir með þeim ræðumönnum sem hafa talað á undan.

Kjörnir skoðunarmenn reikninga neita að undirrita reikninga sambandsins. Því er ekki hægt að afgreiða ársreikning. Telur að öll stjórnin þurfi að fara frá og ný stjórn þurfi að taka við. Telur ógjörning fyrir sitjandi varaforseta að bjóða sig fram.

Fundarstjóri vill kanna kjörbréf til að allir geti tjáð sig. Frestar þessari umræðu og fer því í næsta dagskrárlið.

### **5. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn**

Ásar 1

Skáksamband Austurlands 2

Skákfélag Íslands 4

Víkingaklúbburinn 4 - 2 mættir.

Vinaskáklfélagið 2

Skákgengið 2

Skákdeild KR 9

Skáklfélagið Goðinn 4 - 3 mættir.

Skáklfélag Sauðárkróks 2

Skáklfélag Akureyrar 5

Taflfélag Reykjavíkur 8

Hrókar alls fagnaðar 2

Taflfélag Vestmannaeyja 4 - 1 mættur

Skákdeild Fjöltnis 3 af 5 mættir

Skákdeild Breiðabliks 6 af 7 mættir

Skákdeild Hauka 2

Taflfélag Garðabæjar 5

Ágreiningur um fulltrúa Breiðabliks því 2 sveitir drógu sig úr keppni á Íslandsmóti skáklfélaga.

**Oddgeir Ottesen** kemur í pontu og er ósammála því að félag fái fulltrúa fyrir sveitir sem drógu sig úr keppni.

**Kjartan Briem** ósammála Oddgeiri á þeim forsendum að verið sé að refsa félagi sem er með börn í öðrum íþróttum.

**Jóhann Ragnarsson** segir að þetta sé sambærilegt við þegar skákmenn hætta í móti eftir að hafa teflt meirihluta umferða. Telur að enginn sendi börn á Íslandsmót til að fá fulltrúa á aðalfund.

**Kristján Örn Eliasson** telur óeðlilegt að starfsmaður sambandsins sé með kjörbréf.

**Tinna Kristín Finnbogadóttir** og **Áskell Örn Kárason** vilja túlka lögina eftir orðanna hljóðan því félög eiga að fá fulltrúa fyrir að “senda sveit til keppni”. Áskell telur lögina eiga að vera óbreytt því annars geta félög freistast til að senda hálf mannaðar sveitir til leiks til að missa ekki fulltrúa á aðalfund.

Formaður kjörbréfanefndar leggur til að Skákdeild Breiðabliks fái 7 fulltrúa. Spyr fundinn hvort einhver vilji greiða atkvæði um það. Enginn óskar eftir atkvæðagreiðslu.

## 6. Dagskrárbreytingartillaga - framhald

**Sigurður Þórðarson** fær orðið. Leggur til að kosningu til stjórnar og forseta verði frestað.

**Hildur Berglind Jóhannsdóttir** bendir á að varaforseti hafi ekki aðgang að reikningum sambandsins.

**Bragi Halldórsson** leggur til vantrausttillögu á stjórn.

*Aðalfundur Skáksambands Íslands, haldinn á Blönduósi 14.júní 2025, lýsir vantrausti á stjórn sambandsins fyrir að hafa brotið gegn lögum.*

*Skáksambandsins um boðun aðalfundar með því að birta ekki endurskoðaðan ársreikning starfsársins 2024 með lögbundnum fyrirvara 14 dögum fyrir boðaðan aðalfund skv.7. gr. laga SÍ. Eigi að síður ætla stjórn SÍ samt að halda öllum liðum allra venjulegra aðalfundarstarfa skv. 8. gr. laga þrátt fyrir þessa augljósu ágalla að fara með lögum SÍ með því að fjalla ekki um ársreikninginn sem er afar mikilvægur liður í störfum aðalfundar til að leggja mat á störf stjórnarinnar á liðnu starfsári. Stjórnin hefur boðað að halda framhaldsaðalfund síðar til að fjalla um ársreikninginn. Hvergi á sér stöð í lögum SÍ að heimilt sé að halda framhaldsaðalfund um eitthvert tiltekið málefni, hvað þá jafn mikilvægan lið í dagskrá aðalfundar og ársreikningurinn er. Þess er því krafist að aðalfundi verði frestað og hann boðaður síðar án þess að fella niður einhverja lögbundna dagskrárliði skv. 8. grein laga SÍ*

*Bragi Halldórsson*

**Auðbergur Magnússon** segir að ekki sé verið að leyna neinu. Það sé ómurlegt að ársreikningurinn sé ekki klár. Skoðunarmenn hafi lekið hálfkláruðu gagni í blöðin.

**Kristján Örn Eliasson** vill fresta öllum fundinum, allavega kosningum. Hann telur að fundurinn sé haldinn á Blönduósi sem þekkt brella til að menn sjái ekki ástæðu til að mæta á fundinn. Réttara hefði verið að halda hann í Reykjavík. Finnst ótækt að framhaldsaðalfundur verði í júlí. Vill frekar að hann sé í haust.

**Oddgeir Ottesen** telur líklegt að stjórn hafi brugðist eftirlitshlutverki sínu. Telur að skoðunarmenn reikninga eigi ekki að þegja ef þeir telja að um lögbrot sé að ræða.

**Áskell Örn Kárasón:** Tvær umræður í gangi. Frágangur reikninganna og hvort ólöglegt sé að fresta ákveðnum dagskrárliðum fram á framhaldsaðalfund. Áskell telur að ekki sé verið að slíta aðalfundi heldur aðeins sé verið að fresta honum og hann klárast ekki fyrr en framhaldsaðalfundurinn klárist.

**Kristján Örn Elíasson** vill kjósa þegar búið er að fara yfir reikningana.

**Kjartan Briem** segir mjög eðlilegt að eitthvað klikki. Óþægilegt sé að þetta komi upp svona nálægt aðalfundi. Þessi umræða á ekki heima á aðalfundi og því eðlilegt að fresta henni til framhaldsaðalfundar.

**Oddgeir Ottesen** tekur undir með Kjartani að það getur verið að eitthvað klikki. Telur hins vegar að miklu meira vanti í þessu tilviki.

Fundarstjóri vill að vantrauststillaga verði færð aftast. Bragi Halldórsson ósammála og vill leggja tillöguna fram samhliða.

Fundarstjóri leggur fyrst fram dagskrártillöguna til atkvæðis.

Samþykking 35  
Eru á móti 14

Dagskrárbreyting samþykkt

Vantrauststillaga **Braga Halldórssonar** lögð fram

Samþykking 16  
Eru á móti 33

Tillagan felld

## 7. Forseti flytur skýrslu stjórnar

## 8. Umræður um skýrslu stjórnar

**Rúnar Sigurpálsson** saknar þess að fá upplýsingar um stöðu skákarinnar í skýrslu stjórnar.

## 9. Fjárhagsáætlun og aðildargjöld

**Gunnar Björnsson** leggur til óbreytt árgjöld

**Jóhann Ragnarsson** segir að verið sé að þvinga menn til að ganga í samband í gegnum félagið sitt. Leggur til að aðildargjöldin verði lögð niður.

**Oddgeir Ottesen** segir að tillagan hafi komið óvænt fram á síðasta ári. Ruglar félögin sem senda út félagsgjöld. Leggur til að tillögunni verði hafnað.

**Áskell Örn Kárason** vill að félögin borgi til skáksambandsins í stað einstaklinga.

**Oddgeir Ottesen** ósammála því og vill að félögin fái frekar greiðslur frá skáksambandinu.

**Kjartan Briem** sammála Áskeli. Vill að menn komi með tillögur frekar en gagnrýni. Leggur til formannafund.

**Gunnar Björnsson** sammála Kjartani og vill vísa málinu til nýrrar stjórnar.

Fjárhagsáætlun lögð til samþykktar með þeim breytingum að árgjöld minnka.

Fjárhagsáætlunin samþykkt.

**Gunnar Björnsson** leggur fram nýja tillögu

*Tillaga um að árgjöld verði vísað til stjórnar sem ákveði árgjöld í samráði við formenn aðildarfélaga.*

**Oddgeir Ottesen** ósammála því að þetta sé ákveðið á formannafundi.

**Harald Björnsson** bendir á að stjórnin hafi óskað eftir tillögum frá aðildarfélögum en ekki fengið nein svör.

**Kristján Örn Eliasson** vill ekki vísa málinu til stjórnar.

**Helgi Árnason** er ánægður með stöðuna eins og hún er núna. Leggur til óbreytt árgjöld.

**Oddgeir Ottesen** segir greiðslurnar ekki valfrjálssar.

**Gunnar Björnsson** leggur til að kosið verði á milli óbreyttrar tillögu og nýju tillögunnar.

Upphafleg tillaga um óbreytt árgjöld lögð til atkvæðagreiðslu

Samþykkir 26

Á móti 18

## 10. Útnefning heiðursfélaga

**Áskell Örn Kárason** útnefndur heiðursfélagi Skáksambands Íslands.

## 11. Kjör forseta

Fundarstjóri leggur til 10 mínútna fundarhlé

Fundur hefst aftur 15:40

Fundarstjóri býður **Jöhönnu Björg Jóhannsdóttur** upp í pontu að kynna framboð sitt.

Fundarstjóri býður **Kristjáni Erni Elíassyni** upp í pontu að kynna framboð sitt.

Gengið til kosninga:

56 atkvæði greidd

**Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** 40 atkvæði

**Kristján Örn Elíasson** 16 atkvæði

Fundarstjóri lýsir **Jöhönnu Björgu Jóhannsdóttur** réttkjörinn forseta SÍ

## 12. Stjórnarkjör

**Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** kemur með tillögu að stjórn:

Byrjar á að þakka **Stefáni Bergssyni** fyrir 18 ár í stjórn.

Tillögur Jóhönnu:

Auðbergur Magnússon  
Daði Ómarsson  
Harald Björnsson  
Davið Stefánsson  
Unnar Rafn Ingvarsson  
Arnar Milutin Heiðarsson

Ný stjórn samþykkt með klappi.

Varastjórn  
Tómas Tandri Jóhannsson  
Hermann Aðalsteinsson  
Tinna Kristín Finnbogadóttir  
Harpa Ingólfadóttir

Samþykkt með klappi

## 13. Skoðunarmenn reikninga

**Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** leggur til Heiðar Örn Ásberg og Þorstein Stefánsson og Hallgerði Helgu Þorsteinsdóttur til vara.

**Kristján Örn Elíasson** spyr af hverju verið sé að skipta um skoðunarmenn.

**Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** segir skýrt að skoðunarmenn verði áfram fram yfir framhaldsaðalfund.

**Jon Olav Fivelstad** og **Oddgeir Ottesen** bjóða sig fram til áframhaldandi starfa.

Dagskrárlið frestað á meðan kjörgögn eru útbúin.

#### **14. Kjörbréfanefnd**

**Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** tilnefnir:

Helgi Áss Grétarsson, Gauti Páll Jónsson og Róbert Lagerman aðal.  
Björn Ívar Karlsson, Kjartan Maack og Magnús Matthíasson til vara

Samþykkt einróma.

#### **15. Dómstóll Skáksambands Íslands**

**Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** tilnefnir

Halldór Brynjar Halldórsson, Ólafur Evert Úlfsson, Róbert Lagerman.  
Til vara Sverrir Örn Björnsson, Veronika Steinunn Magnúsdóttir, Tómas Veigar Sigurðsson.

#### **16. Kjaranefnd**

**Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** tilnefnir en bendir á að óeðlilegt geti verið að forseti tilnefni nefnd sem m.a. ákveður laun forseta.

#### **17. Umræður og breytingar á lögum og keppnisreglum.**

Tillaga um færslu liða milli deilda.

**Harald Björnsson** kynnir tillögu að breytingum á skáklögum skáksambands Íslands.

*d. liður 12 gr.*

Efsta sveit 1. deildar og tvær efstu sveitir 2.–4. deildar færast upp um deild í lok keppnistímabils en neðsta sveit úrvalsdeildar og tvær neðstu sveitir 1.–3. deildar færast niður. Sveit sem hefur áunnið sér rétt til að fara upp í efri deild getur þó afþakkað það. Jafnframt getur sveit óskað eftir því að vera færð niður um deild þó að hún hafi unnið sér inn rétt til

áframhaldandi veru í þeirri deild sem hún á sæti. *Afþakki félag að fara upp í efri deild eða óskar eftir að vera færð niður skal það gert í síðasta lagi 1. júní ár hvert.*

*Tillaga A - Óski félag eftir að vera færð niður um deild skal sveit félagsins færast niður í neðstu deild.*

*Tillaga B - Óski félag eftir að vera færð niður um deild skulu allar sveitir félagsins færast niður í neðstu deild.*

*Tillaga C - Óski félag eftir að vera færð niður um deild skal sveit félagsins færast niður um eina deild.*

*Stjórn SÍ er heimilt að taka fyrir óskir félags um færast niður úr efstu deild á þeim forsendum að þátttaka félagsins í Úrvalsdeild hafi neikvæð áhrif á samkeppni í deildinni. Skal stjórnin taka ákvörðun sína í samráði við félag sem tekur sæti í Úrvalsdeildinni.*

Í reglugerð um Íslandsmót skákfélaga skal kveðið á um hvaða sveitum skuli boðið sæti þeirra sem kjósa að flytjast niður um deild eða að fara ekki upp um deild.

Einungis ein sveit frá hverju félagi eða svæðasambandi getur átt þátttökurétt í úrvalsdeild hverju sinni. Ef sveit félags eða svæðasambands sem þegar á sæti í úrvalsdeild sigrar í 1. deild skal sú sveit sem hafnaði í öðru sæti í 1. deild hljóta úrvalsdeildarsætið. Að öðru leyti skulu sömu reglur gilda og ef sveit afþakkar sæti í úrvalsdeild.

**Oddgeir Ottesen** bendir á að það hafi aðeins gerst tvisvar að félag hafi verið færð niður. Sér ekki ástæðu til að breyta

**Jóhann Ragnarsson** telur félag ekki eiga að geta valið sér deild.

**Páll Sigurðsson** segir það einkennilegt að félag geti dregið sig úr keppni án þess að draga sig í raun úr keppni. Finnst að félag eigi að fara í neðstu deild ef það dregur sig úr keppni.

**Helgi Árnason** - Finnst ekki ástæða til þess að breyta. Leggur til að tillaga C sé samþykkt

**Kjartan Briem** - Breiðablik leggur til leið A.

**Fundarstjóri** leggur til að kosið verði milli tillaga A, B og C og svo verði heildar tillögurnar lagðar fyrir.

**Rúnar Sigurpálsson** styður leið C en mun vilja breyta dagsetningunni.

**Kristján Örn Eliasson** styður C en vill hertar reglur ef félög gera þetta ítrekað.

**Bragi Halldórsson** - Hrókurinn byrjaði í 4. deild og vann allar deildir. Líst best á C liðinn.

**Þorsteinn Þorsteinsson** - Styður C liðinn - lið úr úrvalsdeild á ekki heima í neðstu deild.

**Gunnar Freyr Rúnarsson** - Víkingaklúbburinn dró sig ekki úr keppni viljandi.

Kosning milli tillagna

A 14

B 0

C 32

Breytingartillaga frá **Rúnari Sigurpálssyni** um að breyta 1. júní í 1. ágúst - samþykkt einróma Breytingartillaga að taka út neðstu málsgreinina. Hafnað með megin þorra gegn 5.

Lagabreyting með breytingum samþykkt samhljóða

### **18. Kosning skoðunarmanna framhald**

Kjörgögn klár og kosið um skoðunarmenn.

53 greiddu atkvæði

Heiðar Ásberg Atlason 30

Jan Olav Fivelstad 24

Oddgeir Ágúst Ottesen 22

Þorsteinn Stefánsson 30

Þorsteinn og Heiðar því rétt kjörnir skoðunarmenn.

Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir sjálfkjörin skoðunarmaður til vara.

### **19. Lagabreytingar framhald**

**Harald Björnsson** kynnir tillögu að breytingu á 10. gr. laga Skáksambands Íslands. Hann bendir á að hann telji það ólýðræðislegt að forseti tilkynni sinn á aðalfundi hverja hann leggi til að fá með sér

í stjórn. Réttara væri að framboð séu tilkynnt til skrifstofu sambandsins minnst 3 dögum fyrir aðalfund sem gefi öllum frambjóðendum jafna stöðu í augum aðalfundar.

Tilkynning um framboð til embættis forseta SÍ skal berast **formanni kjörbréfanefndar** minnst 10 dögum fyrir aðalfund. Hafi engin gild framboð til forseta borist innan tilskilins frests má hvenær sem er eftir það tilkynna um framboð, m.a. á aðalfundinum sjálfum.

**Tilkynning um framboð til stjórnar SÍ skal berast skrifstofu SÍ minnst 3 dögum fyrir aðalfund. Hafi færri en 10 framboð borist innan tilskilins frests má tilkynna um framboð á aðalfundinum sjálfum.**

**Bragi Halldórsson** telur breytingartillöguna svipta aðalfundinn valdi.

**Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** segir að sér finnist skrítið að “tilkynna” stjórnina. Telur að það eigi ekki að vera skyndiákvörðun að fara í stjórn.

**Rúnar Sigurpálsson** sammála Jóhönnu. Ekkert flókið að það sé heiðarlegra að láta vita fyrirfram að menn ætli í stjórn.

**Jón Arnljótsson** - telur um eðlilega breytingu að ræða.

**Bragi Halldórsson** - Telur að ef aðalfundur þróast á óvæntan hátt þá geta menn fundið fyrir þörf til að bjóða sig fram. Ítrekar að aðalfundur sé æðsta vald.

**Helgi Áss Grétarsson** tók þátt í að semja greinina. Hans mat að ekki eigi að hafa frest.

Kosning um að framboð eigi að berast formanni kjörbréfanefndar

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um framboðsfrest fyrir stjórn

Samþykkir 19

Á móti 7

Samþykkt.

**Harald Björnsson** kynnir ný lög um Skáksskóla Íslands og breytingu á 1. gr. laga skáksambands Íslands.

1. gr.

**Við bætist nýr g. liður**

*Rekstur skáksskóla Íslands*

## Lög um skákskóla Íslands

### 1. gr.

Skákskóli Íslands starfar á vegum Skáksambands Íslands.

### 2. gr. Hlutverk

Hlutverk skólans er að annast afreksmiðaða skákkennslu og hafa á hendi hvers kyns fræðslu sem miðar að því að efla vöxt og viðgang skáklistarinnar á Íslandi.

### 3. gr. Stjórn

Skólastjórn skákskólans er skipuð þremur aðilum til tveggja ára í senn. Stjórn skáksambands Íslands skipar þá.

Skólastjórnin skal m.a.:

- ráða skólastjóra,
- gera fjárhagsáætlun fyrir skólann í upphafi skólaárs í samráði við skólastjóra,
- ákveða skólagjöld,
- samþykkja ráðningu kennara eftir tillögum skólastjóra,
- ákveða námsframboð og starfsáætlun í upphafi skólaárs eftir tillögum skólastjóra.

### 4. gr. Skólastjóri

Skólastjórn ræður skólastjóra Skákskóla Íslands sem annast rekstur skólans og ræður til hans kennara með samþykki stjórnar.

Skólastjóri skal gera starfsáætlun fyrir skólann og leggja hana fyrir skólastjórn í upphafi skólastjórn í upphafi skólaárs til samþykktar.

### 5. gr. - Skipulag náms

Nám í skólanum fer fram í nokkrum flokkum og raðast nemendur í þá eftir getu, reynslu og aldri. Skólastjóri hefur vald til þess að færa nemendur milli flokka byggt faglegu mati.

### 6. gr. Skilyrði fyrir inngöngu

Skólastjórn setur skilyrði fyrir þátttöku í hópum eftir tillögum skólastjóra

## 7. gr. Stefnur

Skákskóli Íslands starfar í samræmi við siðareglur Skáksambands Íslands.  
Skýr afstaða er tekin gegn einelti og áreitni af öllu tagi.

Báðar tillögur samþykktar samhljóða.

### 20. Önnur mál

**Hermann Aðalsteinsson** spyr um kjörbréf á framhaldsaðalfundinum. **Helgi Áss Grétarsson** formaður kjörbréfanefndar gerir ráð fyrir nýjum kjörbréfum á framhaldsaðalfundinum.

**Áskell Örn Kárason** þakkar fráfaraðri forseta. Segir marga ekki gera sér grein fyrir því hversu mikið starfið hefur eflst á tíma hans sem forseti.

**Jóhann Ragnarsson** þakkar Gunnari Björnssyni fyrir frábær störf. Vill að hreyfingin sé málefnalegri og vinni saman.

**Páll Sigurðsson** þakkar Gunnari Björnssyni fyrir samstarfið síðustu ár. Óskar Jóhönnu Björg Jóhannsdóttur til hamingju með kjörið. Óskar Áskeli Erni Kárasyni til hamingju með heiðursnafnbótina.

**Björn Ívar Karlsson** þakkar Gunnari fyrir sín störf. Þakkar fyrir góðar ábendingar í sínum störfum frá fjölda aðila.

Fundarstjóri tekur fram að fundargerð síðasta fundar hafi legið fyrir og spyr hvort einhver sé með athugasemdir við hana. Engar athugasemdir koma fram.

**Kjartan Briem** Fjölmargt jákvætt í gangi í skákhreyfingunni. Útvarpsþættir Kristjáns Arnar. Kvennanefnd skáksambandsins. Mikill og góður efniviður. Frábær ráðning á nýjum skólastjóra Skákskólans. Skáksambandið að styðja vel við ungt og efnilegt fólk. VignirVatnar.is mjög jákvæð viðbót. Skákfélag Akureyrar að gera flotta hluti. Heimasíðan skak.is frábær, sérstaklega í samanburði við önnur sambönd.

Mikil hefð hjá TR í mótahaldi. Fjölirnir að gera vel í mótahaldi yngri kynslóðarinnar. TG duglegt í vetur. Gauti Páll óseðjandi í að koma með nýjar hugmyndir.

Nýkjörinn forseti lokar fundinum og þakkar Helga Áss og Harald fyrir sín störf á fundinum og slítur honum þar til framhaldsaðalfundur verður.

## Framhaldsaðalfundur Skáksambands Íslands 2025

Haldinn í Skáksskóla Íslands 11. júlí 2025 kl: 17:00

1. Jóhanna Björg Jóhannsdóttir forseti skáksambandsins stingur upp á Helga Áss Grétarssyni sem fundarstjóra. Kristján Örn Eliasson gerir athugasemd og stingur upp á sjálfum sér. Ákveðið að kanna kjörbréf fyrir kosninguna.
2. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn  
Skákdeild KR 2 af 2 mættir  
TR 5 af 6 mættir  
Skákdeild Fjölnis 3 af 5 mættir  
Skákfélagið Goðinn 4 af 4 mættir  
Taflfélag Garðabæjar 3 af 4 mættir  
Skákfélag Íslands 3 af 3 mættir  
Skákgengið 1 af 2 mættir  
Skákdeild Hauka 2 af 2 mættir  
Snóker og Pool 1 af 1 mættur  
Vinaskákfélagið 1 af 1 mættur.  
Skákfélag Sauðárkróks 1 af 1 mættur
3. Kosning um fundarstjóra  
Helgi Áss 19 atkvæði  
Kristján Örn 4 atkvæði  
Jóhanna Björg leggur til Harald Björnssyni sem fundarritara. Samþykkt einróma.
4. Fundarstjóri hefur kannað lögmæti fundarins og telur hann löglegan.  
Kristján Örn biður um orðið: Ekkert skrifað í lögin um framhaldsaðalfund. Segir formann kjörbréfanefndar neita að taka við gömlum kjörbréfum.  
Fundarstjóri telur fundinn löglegan og leggur til að fundurinn kjósi um lögmæti fundarins. Jóhann Ragnarsson telur að síðasti fundur hafi ákveðið að gömul kjörbréf séu gild.  
Fundarstjóri bendir á að í síðustu fundargerð komi fram að gert hafi verið ráð fyrir nýjum kjörbréfum.  
Kristján Örn segist munu véfengja lögmæti fundarins fyrir dómstólum.

Kosið um lögmæti fundarins.

17 gegn 3

5. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs.  
Framkvæmdastjóri hleypur í skarðið fyrir gjaldkera og reifar reikningana.

2 m. kr. hagnaður eftir 2,6 m. kr. tap í fyrra.

Reykjavíkurmótið sjálfbært

## 6. Afgreiðsla reikninga.

Helgi Árnason óskar eftir skýringum á úthlutunum úr Sigtryggssjóði. Sjóðurinn styrkti sambandið 2022 um 4 m. kr. sem eru eignfærðar í bókum sambandsins.

Bragi Halldórsson: Búið að leiðrétta þau mistök að birta ekki reikninga fyrir fund. Lausatök í afgreiðslu reikninga verði ekki endurtekin. Spyr þriggja spurninga um reikninginn:

Var tekið tillit til greinargerðar skoðunarmanna?

Óskar eftir nánari sundurliðun á reikningum Tímaritsins Skákar.

Óskar eftir nánari sundurliðun á reikningum Reykjavíkurmótsins.

Kristján Örn Elíasson

Ekki kvittað undir ársreikninginn í því skjali sem sent var á félögin

Spyr hvort texti í ársreikningnum frá endurskoðanda sé frá honum eða sambandinu.

Spyr skoðunarmenn hvort afstaða þeirra sé breytt

Oddgeir Ottesen. Skoðunarmenn funduðu með stjórn 24. júní s.l. Ánægður með viðbrögð stjórnarinnar og leggur til að reikningurinn verði samþykktur.

Erlingur Þorsteinsson. Óskar nýkjörnum forseta til hamingju. Mjög ánægjulegt að Tímaritið Skák sé í hagnaði. Vill verðlauna góðan árangur.

Gunnar Björnsson. Sammála Braga með að sundurliða Tímaritið Skák betur. Lítur áritun skoðunarmanna sem þeirra lokagreinarerð. Svarar Kristjáni að reikningar hafi verið sendir undirritaðir.

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir. Fer yfir ferlið eftir að ný stjórn tók við. Fundur með skoðunarmönnum uppbyggilegur. Nýjar starfsreglur gjaldkera settar. Verklag ætti að vera þannig að frestun reikninga komi ekki fyrir aftur.

Kristján Örn Elíasson. Telur aðalfund ekki hafa verið löglegan því 7. gr. hafi verið brotin.

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir. Fundurinn metinn lögmætur af fundargestum og talin besta niðurstaðan.

Kristján Örn Elíasson. Telur að fara eigi að lögum. Telur fundinn sjálfan ekki geta kosið um eigið lögmæti.

Fundarstjóri leggur reikninga til afgreiðslu. Farið fram á kosningu.

21 samþykkir

2 á móti

Reikningar samþykktir.

Forseti þakkar fundargestum fyrir komuna og slítur fundinum.

# Skipan stjórnar og verkaskipting

## Verkaskipting stjórnar

Forseti:	Jóhanna Björg Jóhannsdóttir
Varaforseti:	Harald Björnsson
Gjaldkeri:	Davíð Stefánsson
Ritari:	Unnar Rafn Ingvarsson
Vararitari:	Tómas Tandri Jóhannsson
Æskulýðsfulltrúi:	Daði Ómarsson
Meðstjórnandi:	Arnar Milutin Heiðarsson
Meðstjórnandi:	Auðbergur Magnússon
Varamenn í stjórn:	Tómas Tandri Jóhannsson Hermann Aðalsteinsson Tinna Kristín Finnbogadóttir Harpa Ingólfssdóttir Gígja

## Stjórnarfundir

Alls voru haldnir ellefu stjórnarfundir á starfsárinu. Að jafnaði einu sinni á mánuði.

[Fundargerðir starfsársins má finna á heimasíðu SÍ](#)

## Skrifstofa

Gunnar Björnsson er framkvæmdastjóri Skáksambandsins í 80% starfshlutfalli og Jóhanna Björg Jóhannsdóttir forseti Skáksambandsins í 20% starfshlutfalli.

# Skýrsla skólastjóra Skákskóla Íslands

Í stjórn Skákskólans sitja nú Daði Ómarsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og Auðbergur Magnússon. Skólastjóri Skákskólans er Björn Ívar Karlsson.

Skákskóli Íslands býður upp á afreksmiðaða skákþjálfun fyrir ungmenni að 20 ára aldri. Inntökuskilyrði í skólann eru þau að iðkendur séu komnir með skákstig og sýni virkni með reglulegri þátttöku á skákviðburðum.

## Húsnæði Skákskólans

Skákskóli Íslands hefur aðsetur í sal Skáksambandsins, Faxafeni 12. Á starfsárinu héldu endurbætur áfram á kennsluáðstöðu skólans. Nýr kennsluskjár af stærstu gerð er nú kominn í salinn til viðbótar við teppalagt gólf, sem hefur bætt hljóðvistina í salnum.

## Flokkar Skákskólans

Almennir flokkar Skákskólans eru getuskiptir. Framhaldsflokkar 1 og 2 ásamt afreksflokki og stúlknaflokki hafa stundað vikulegar æfingar á starfsárinu. Þjálfarar Skákskólans hafa verið Björn Ívar Karlsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og Guðrún Fanney Briem. Þar fyrir utan hafa stórmeistarar og afreksfólk komið að kennslu og ýmsum verkefnum á vegum skólans. Rúmlega 50 skráðir iðkendur voru í Skákskólanum á árinu.

## Tæknivæðing og fjarkennsla

Tölvu- og tækninotkun er eitt af áhersluatriðum Skákskólans. Áfram var boðið upp á fjarkennslu í hópum skólans á skólaárinu og fjölgar jafnt og þétt í hópi nemenda sem kjósa fjarkennslu. Iðkendur Skákskólans sem sótt hafa námskeið í gegnum fjarkennslu á skólaárinu hafa gert það frá Akureyri, Húsavík, Ísafirði, Blönduósi, Noregi og Indlandi.

Námsefni og heimaverkefni eru áfram aðgengileg nemendum í gegnum netið ásamt upptökum af kennslu. Þetta hefur nýst vel þeim sem hafa misst af æfingum vegna fjarveru eða veikinda.

Í Skákskólann er einnig komið skákvélmenni sem hægt er að stilla eftir styrkleika og getur einnig sett upp æfingar fyrir nemendur til þess að leysa.

## Kynningardagur

Starfsárið hófst með kynningardegi í júní þar sem áhugasömum gafst kostur á að heimsækja Skákskólann og kynna sér starfið. Fjöldi ungmenna og foreldra leit við ásamt öðrum áhugasömum.

**Vignir Vatnar Stefánsson** stórmeistari tefldi fjöltefli við ungmennin. Góð aðsókn var á opna húsið og tókst það vel.



### **Þrepaskipt kennsluefni**

Skákskólinn notast við þrepaskipt námsefni sem innleitt var á síðasta skólaári. Allt kennsluefni Skákskólans er aðgengilegt iðkendum á læstu svæði á vefnum. Iðkendur luku vorönn með námsmati þar sem tæknileg atriði, sem tekin voru fyrir á árinu, voru prófuð.

### **Stúlknaflokkur – uppbygging og félagsskapur**

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir hefur staðið fyrir mjög vinsælum, og vel sóttum, stúlknaæfingum í Skákskólanum. Jóhanna hafði sér til aðstoðar Guðrúnu Fanneyju Briem. Þessar æfingar skapa öflugan félagslegan vettvang þar sem yngri stúlkur fá tækifæri til að æfa með eldri fyrirmyndum. Hópurinn hefur stuðlað að fjölgun stúlkna í skákinni og auknum afrekum þeirra og er mikilvægt að styðja við starfsemina áfram.

### **Einkatímar**

Þau ungmenni sem hafa verið valin sem fulltrúar Íslands á skákmótum á erlendum vettvangi hafa fengið aðstoð við undirbúning fyrir mót í einkatímum í Skákskólanum á starfsárinu, þeim að kostnaðarlausu. Einkatímar hafa ekki verið í boði fyrir aðra á starfsárinu.

### **Námskeið og fræðsla**


Skákskólinn stóð fyrir skákþjálfaranámskeiði 29.-30. september. Tilgangur námskeiðsins var að fara yfir ýmis atriði sem tengjast skákkennslu, uppsetningu kennslustunda og æfinga, kennsluefni, nýtingu tækni í skákkennslu, hópastjórnun og agamálum, skákþjálfun stúlkna og kennslu barna með taugabroskaraskanir. Námskeiðið var ætlað öllum þeim sem höfðu áhuga á að taka að sér skákkennslu en einnig þeim sem vildu bæta sig í faginu.



Þátttakan fór fram úr vonum en tæplega 40 manns tóku þátt í námskeiðinu og fengu þátttakendur afhent skákþjálfaraskírteini frá Skákskólanum að því loknu. Um helmingur þessa hóps tók þátt í gegnum netið í fjarkennslu. Kennarar á námskeiðinu voru **Björn Ívar Karlsson** skólustjóri og **Jóhanna Björg Jóhannsdóttir** forseti SÍ og barnasálfræðingur.

Í ljósi þess hversu margir tóku þátt í námskeiðinu, hversu breitt getubil og hversu mismunandi reynsla þátttakenda var hefði hentað betur að skipta hópnum upp. Sstefnan er að halda í framtíðinni tvö námskeið, annað ætlað byrjendakennslu og hitt fyrir þá sem kenna þeim sem eru komnir lengra.

**Guðmundur Kjartansson** stórmeistari hélt ECU-þjálfaranámskeið dagana 17.-21. nóvember í Skákskólanum. Námskeiðið var sameiginlegt verkefni Evrópska Skáksambandsins (ECU), Skáksambands Íslands og Þjálfaranefndar ECU (ETC). 19 manns tóku þátt í námskeiðinu og fengu afhendar ECU þjálfaragráður í kjölfarið. **Ivan Sokolov** stórmeistari sá um hluta kennslunnar.



Skákskólinn stóð fyrir skákmóti á **Þjóðskjalasafni** 23. janúar. Um boðsmót var að ræða en tilefni þess var einkum afhending Skáksambandsins á frumgögnum sínum til varanlegrar varðveislu á Þjóðskjalasafni. Alls tóku 16 keppendur á öllum aldri þátt í mótinu. Yngsti keppandinn var átta ára en sá elsti 93 ára. Yngri keppendurnir á mótinu voru nemendur Skákskólans og þeir eldri margir af reyndustu meisturum landsins í bland við fólk sem mótað hefur skáklífið á Íslandi. Tefldar voru fimm umferðir og var keppnin bæði hörð og skemmtileg.



**Gauti Páll Jónsson** sigraði á mótinu en á hæla hans komu **Örvar Hólm Brynjarsson** og **Ögmundur Kristinsson**.

## Heimsóknir, námskeið og önnur verkefni

Helgina 7.-8. júní stóð Skákskóli Íslands fyrir námskeiði fyrir ungmenni að Borg í Grímsnesi. Það var **Gauti Páll Jónsson** sem sá um kennsluna. Stórmeistarinn **Vignir Vatnar Stefánsson** heimsótti námskeiðið og tefldi fjöltefli.



Námskeiðinu lauk með Suðurlandsmóti Skákskólans í hraðskák, þar sem 20 manns tóku þátt, þar á meðal nemendur námskeiðsins. Vignir Vatnar sigraði af öryggi á mótinu með fullt hús vinninga.

Seinna Suðurlandsnámskeið Skákskólans fór fram á Laugarvatni 19.-20. júlí. Aftur var það **Gauti Páll Jónsson** sem sá um kennsluna en skólastjóri heimsótti einnig námskeiðið og tefldi fjöltefli við nemendur.

Dagana 18.-19. ágúst stóð Skákskólinn fyrir skáknámskeiði á Ísafirði. Námskeiðinu var ætlað að sinna þeim fjölda áhugasamra ungmenna sem hafa tekið þátt í starfi Skákfélags Vestfjarða.

13 ungmenni tóku þátt í námskeiðinu og sá Björn Ívar Karlsson skólastjóri um kennsluna.



Skólastjóri heimsótti einnig Flúðir á vormánuðunum þar sem skáknámskeið fyrir ungmenni á svæðinu fór fram. Tæplega 20 ungmenni tóku þátt í námskeiðinu sem **Árni Þór Hilmarsson** skákkennari hélt utan um.



Skólastjóri kom einnig að uppbyggingu skákstarfs á landsbyggðinni og almennri útbreiðslu skáklistarinnar á starfsárinu. Skákæfingar hófust fyrir ungmenni í Mosfellsbæ og Þorlákshöfn en skákstarf hófst á nokkrum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu með aðstoð skólastjóra. Einnig heimsótti skólastjóri fjölda grunnskóla og aðstoðaði við skákkennslu og uppbyggingu hennar.

Skáksskólinn hefur haft viðveru á Friðrikssyrpum Taflfélags Reykjavíkur og farið yfir skákir með þeim ungmennum sem taka þátt í mótunum. Það var **Lenka Ptácníková** stórmeistari kvenna sem hélt utan um verkefnið.

Sama var uppi á teningunum á meðan á Reykjavík Open stóð en þar fengu iðkendur Skáksskólans aðstoð við undirbúning og yfirferð sinna skáka á meðan á mótinu stóð.

Skáksskólinn hélt nokkrar *Pressukeppnir* á starfsárinu í samstarfi við **Gauta Pál Jónsson** skákkennara. Keppnirnar eru ætlaðar afreksungmendum og fara þannig fram að ungmennin tefla atskákir gegn ýmsum góðum gestum. Andstæðingar ungmennanna eru að meðaltali um 200-300 skákstigum hærrí en þau. Skákirnar hafa verið tefldar á útsendingarborðum, skákirnar vistaðar og farið vel yfir þær. Þessi hugmynd Gauta Páls hefur virkað mjög vel sem afreksmiðuð æfingaaðferð og hentað einkar vel þegar ungmenni undirbúa sig fyrir mót á erlendri grundu.



### **Landsliðsverkefni og ungmennamót erlendis**

Skáksskólinn sinnti þjálfun ungmenna sem tóku þátt í skákmótum á erlendri grundu á starfsárinu.

**Karma Halldórsson** tók þátt í HM ungmenna sem fram fór í Kasakstan 19.-30. september. Það voru Björn Ívar Karlsson skólastjóri og **Guðmundur Kjartansson** stórmeistari sem aðstoðuðu Karma í gegnum netið á meðan á mótinu stóð.

Skólastjóri fylgdi ungmennum sem þjálfari í fjölda ferða á starfsárinu, eins og venja er.

Norðurlandamót skólasveita fór fram í Finnlandi 12.-14. september þar sem Rimaskóli og Hvaleyrarskóli tóku þátt.

Evrópumót ungmenna fór fram í Svartfjallalandi 29. október - 7. nóvember. Þar tóku 15 íslensk ungmenni þátt. Ásamt skólastjóra fór **Ingvar Þór Jóhannesson** einnig út með hópnum sem þjálfari. **Hannes Hlifar Stefánsson** stórmeistari kom að undirbúningi hópsins fyrir brottför.



Norðurlandamót ungmenna fór fram í Danmörku 13.-15. febrúar. Þar tóku 10 íslensk ungmenni þátt.

Loks fór skólastjóri einnig á Norðurlandamót stúlkna í Noregi 24.-26. apríl. Þar tefldu 10 íslenskar stúlkur.

Nánar er sagt frá þessum mótum annars staðar í ársskýrslunni.

## Meistaramót Skákskólans

Meistaramót Skákskólans fór fram 19.-21. desember 2025.

Tefldar voru sjö umferðir, fjórar atskákir (15+5) og þrjár kappskákir (90+30). Þátttakendur voru 18 talsins og voru allar skákir sýndar beint á netinu.

**Sigurbjörn Hermannsson** fékk 5,5 vinning og varð meistari Skákskólans. **Ingvar Wu Skarphéðinsson**, **Markús Orri Jóhannsson** og **Iðunn Helgadóttir** komu næst með 5 vinninga. **Iðunn Helgadóttir** (U20), **Theódór Eiríksson** (16), **Birkir Hallmundarson** (U13) og **Róbert Heiðar Skúlason** (U10) hlutu aukaverðlaun í aldursflokkum.



## Vormót Skákskóla Íslands

Dagana 23.-24. maí fór Vormót Skákskóla Íslands fram. Þátttökurétt höfðu þeir nemendur Skákskólans sem höfðu tekið þátt í námskeiðum og annarri starfsemi skólans á starfsárinu. Þátttaka var með besta móti en 34 nemendur Skákskólans tóku þátt í mótinu, þar af fjórir af landsbyggðinni. Tefldar voru níu umferðir með tímamörkunum 15+5. Níu efstu borðin voru sýnd í beinni útsendingu.

**Birkir Hallmundarson** stóð að lokum uppi sem sigurvegari á mótinu, fékk átta vinninga í skákunum níu. **Haukur Víðis Leósson** og **Markús Orri Óskarsson** voru næstir með sjö vinninga. Haukur ofar á stigaútreikningi.



1. **Birkir Hallmundarson** 8 v. (50.000 kr. ferðastyrkur)
2. **Haukur Víðis Leósson** 7 v. (30.000 kr. ferðastyrkur)
3. **Markús Orri Óskarsson** 7 v. (20.000 kr. ferðastyrkur)

Aukaverðlaun fyrir bestan árangur í æfingaflokkum (námsefni af **Chessable** eða **vignirvatnar.is**):

Stúlknaflokkur: **Emilía Embla B. Berglindardóttir** 5 v.

Framhaldsflokkur 1: **Jónatan Leó Daðason** 6 v.

Framhaldsflokkur 2: **Pétur Úlfar Ernisson** 5,5 v.

Aukaverðlaun fyrir góðan árangur miðað við eigin skákstig (námsefni af **Chessable** eða **vignirvatnar.is**):

**Ingi Hrafn Ýmisson** (1528) 5,5 v. (Árangur upp á 1816 stig)

**Robin Peter Erlendsson Weinert** (1433) 4,5 v. (Árangur upp á 1661 stig)

[Lokastaðan á chess-results](#)

[Nánar á skák.is](#)

**Björn Ívar Karlsson skólastjóri**

# Ýmis starfsemi

## Heimasíða SÍ

Á vegum SÍ eru tvær heimasíður: Skák.is, sem er fréttasíða, og heimasíða Skáksambands Íslands, þar sem helstu grundvallarupplýsingar um sambandið eru geymdar. Gunnar Björnsson og Ingvar Þór Jóhannesson eru ritstjórar. Gunnar sér um meira um upplýsingar til skákanna en Ingvar fjallar meira um fréttir af skákmótum.

## Félagagrunnur SÍ

SÍ hefur endurbætt félagagrunn sinn sem hefur tekið við keppendaskránni. Í félagagrunninum eru allar nýjustu upplýsingar um skákmenn og t.d. eru þar skákstig endurnýjuð mánaðarlega. Félögin geta tekið út sína félagsmenn og raðað þeim í stigarað. Hermann Aðalsteinsson sér um umsýslu með félagaskiptum.

## Landsliðsverkefni

Landslið Íslands í opnum flokki og kvennalandslíðið undirbjuggu sig á árinu fyrir Evrópumót landsliða sem fram fór 24. október.- 2. nóvember í Batumi, Georgíu.

Helgi Ólafsson tók að sér liðsstjórn liðsins í opnum flokki en Ingvar Þór Jóhannesson var liðsstjóri kvennaliðsins. Nánar er fjallað um mótið síðar í skýrslunni.

Íslensk ungmenni tóku þátt í fjölda viðburða á árinu og hélt Skákskóli Íslands utan um hópinn á starfsárinu. Nánar er fjallað um einstaka viðburði síðar í skýrslunni sem og í skýrslu skólastjóra Skákskóla Íslands.

## Alþjóðlegir áfangar

**Birkir Ísak Jóhannsson** náði sér í sinn fyrsta áfanga að alþjóðlegum meistaratitli á *Alþjóðlega Kópavogsmótinu* – *Ungir Meistarar* sem Skákdeild Breiðabliks stóð fyrir í samstarfi við Helga Ólafsson í mars.

[Nánar á skák.is](http://skak.is)

## Námskeið og fræðsla

Skáksambandið stóð fyrir skákdómaranámskeiði þann 20. janúar. Fór það fram í sal Skákskóla Íslands og voru tólf aðilar sem sóttu námskeiðið. Þetta námskeið var grunnnámskeið skákdómara sem gaf landsdómara réttindi (e. *National arbiter*). Umsjón með námskeiðinu var í höndum **Daða Ómarssonar**.

Farið var yfir helstu skákreglur og þá þætti sem reynir á skákstjórahlutverkið. Farið var yfir praktísk mál og úrlausn þeirra og út frá því sköpuðust líflegar umræður.

Tólf aðilar sátu námskeiðið og fengu landsdómara titilinn.

[Nánar á skák.is](http://skak.is)



Dagana 20.-22. febrúar stóð Skáksambandið fyrir FA-dómaranámskeiði. Námskeiðið veitti FIDE-dómararéttindi (e. *FIDE arbiter*). Kennari á námskeiðinu var **Omar Salama** og þátttakendur voru sex talsins.

[Nánar á skák.is](http://skak.is)

## Skákdagurinn

Í tilefni af Skákdegi Íslands 26. janúar, fæðingardegi Friðriks Ólafssonar, stóð Skákskóli Íslands fyrir fyrirlestri um ævi og skákferil meistarans. Það var stórmeistarinn **Vignir Vatnar Stefánsson** sem hélt fyrirlesturinn sem var vel sóttur.

[Nánar á skak.is](http://skak.is)

Jafnframt var skákferill Friðriks, og hann bestu sigrar, kynntir fyrir nemendum grunnskóla með myndbandi og kennsluefni.

## Tímaritið Skák

Tímaritið Skák kemur út tvisvar á ári, á haustin og á vorin í kringum Íslandsmót skákfélaga. Vel hefur gengið að fá fólk á öllum aldri til að skrifa greinar í blaðið. Fastir liðir hafa tekið á sig mynd og ákveðnir stórviðburðir í íslensku skáklífi fá alltaf umfjöllun. Undanfarið hefur ákveðið þema verið líka tekið fyrir í hverju blaði. Menningar- og heimildagildi útgáfunnar er ótvírætt.

Áskrifendur eru rúmlega 200. Áskrift er besta leiðin til að styðja við útgáfuna. Blaðið kostar 3500 kr. Póstburðargjald er 1000 kr. en flestir sem geta sækja sjáfir sín eintök á Íslandsmót skákfélaga eða í Faxafen 12. Blaðið er aðgengilegt bæði hjá Skáksambandinu og TR.

Í rauða borðanum efst á skak.is er hægt að smella á tímaritið Skák og gerast áskrifandi.

Skáksambandið er útgefandi og Gauti Páll Jónsson er ritstjóri. Bragi Halldórsson og Jón Torfason lesa próförk. Steingrímur Steinþórsson sér um umbrot. Blaðið hefur frá endurútgáfu verið prentað hjá Litlaprent. Ritstjóri skipar með sér 3ja manna ritnefnd.

Starfsárið 2025-2026 voru í ritnefnd Björn Ívar Karlsson, Björn Þorfinnsson og Stefán Steingrímur Bergsson.

**Gauti Páll Jónsson ritstjóri**

## Kvennaskáknefnd SÍ



